

Ferli vegna afgreiðslu umsókna um öflun rannsóknargagna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Rannsakendur óska skriflega eftir rannsóknarleyfi til skrifstofu Menntasviðs Reykjavíkur

Í umsókn skal koma fram:

- Stutt lýsing á verkefninu, tilgangi og aðferð
- að persónuvernd hafi verið tilkynnt um framkvæmdina
- hvernig úrtak er valið

Einstakir leikskólar taka ekki þátt í vali á úrtaki. Sé aðstoðar óskað við val úrtaks fer það fram á skrifstofu Menntasviðs eftir verklagsreglum sem gilda hverju sinni.

Rannsakendur fá skriflegt svar þar sem kemur fram að leyfið sé veitt með samþykki foreldra barna sem í hlut eiga og persónuverndar og að einstakir leikskólar gefa ekki persónuupplýsingar.

Rannsóknaraðilar hafa samband við leikskólastjóra þeirra leikskóla sem valdir eru í úrtak:

- kynna þeim tilgang og aðferðir rannsókna
- að fengið sé leyfi frá skrifstofu og í hverju þátttaka leikskólans felst.

Leikskólastjóri dreifir gögnum frá rannsóknaraðila til foreldra barna í leikskólanum þar sem þeim er gefinn kostur á að taka þátt eða hafna þátttöku. Leikskólastjóri tekur við svarbréfum foreldra sem rannsóknaraðili vitjar.

Beiðnir um rannsóknarleyfi sendist til deildastjóra gagnadeildar, Hildar Bjarkar Svavarsdóttur – hildur.bjork.svavarsdottir@reykjavik.is

Janúar 2006